

Mál nr. 380/2015
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar S.

Vatn lak frá rörum þegar verið var að gera við ofn þ. 15.10.2014

Gögn.

1. Málskot móttakið 7.10 ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V dags. 13.10.2015
3. Bréf Varðar h.f. dags. 21.10.2015.
4. Yfirlýsing G dags. 21.10.2015.

Málsatvik.

M segir að vatn hafi lekið frá rörum þegar pípulagningamaður var að vinna við ofn í herbergi á efri hæð hússins. M segir að pípulagningamaðurinn hafi verið búinn að vinna við ofninn í eina klukkustund og búinn að taka hann frá svo allar lagnir verið opnar. Pípulagningamaðurinn hefði síðan brugðið sér frá í 3 klukkustundir, en eftir um 20 mínútur frá því að hann fór hafi M orðið vör við að vatn lak niður í stofu í gegnum gólfið á herberginu þar sem ofninn var og í gegn um loftið. M telur líklegt að vatn hafi lekið allan tímann frá því að pípulagningamaðurinn brá sér frá og hafi M rokið til að lokað fyrir vatnið og reynt að bjarga því sem bjargað varð. M krefst bóta úr húseigendatryggingu sinni hjá V og telur augljóst að tjónið verði rakið til sakar pípulagningamannsins, sem hafi ekki gætt nægjanlegrar varúðar við störf sín þar sem hann gerði ekki nægjanlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir vatnsleka þegar hann fór frá verkinu með allar lagnir opnar. V hafnar bótaskyldu og segir að skv. upplýsingum frá S hafi lagnir verið búnar að vera opnar í 3 klst. og lokað hafi verið fyrir inntak hitaveitu og vatn ekki lekið þann tíma sem S vann við ofninn. S telur að ofn á heimili M hafi verið ranglega tengdur inn á neysluvatnslögn og þegar afrennslisloki á honum opnar þá hleypir hann vatni inn á kerfið og lekinn hafi orðið vegna þess. V segir að S hafi ekki getað vitað þetta fyrir fram og um mjög óvenjulegt verklag sé að ræða og beri S ekki ábyrgð á þessu tjóni M. V segir að aðilar séu sammála um að vatn hafi ekki lekið úr opnum lögnum þegar S var að vinna við ofninn. S hafi því ekki valdið tjóninu með saknæmri háttsemi þar sem hann hefði ekki vitað um þessa óvenjulegu tengingu. Í bréfi Varðar tryggingarfélags, sem tryggir hús M með húseigendatryggingu segir að verulega hafi skort á fagleg vinnubrögð starfsmanns S. Þá segir Vörður að jafnvel þó að lagnir í húsinu hafi verið með þeim hætti sem starfsmaður S lýsir þá leysi það hann ekki undan ábyrgð þar sem grandvar pípulagningamaður með þekkingu í sínu fagi viti að í einhverjum tilvikum séu lagnir rangt lagðar og það sé ávallt gáleysi af pípulagningafólki að skilja vatnsrör eftir opin og fara frá þeim. Í yfirlýsingu Gísla Gunnlaugssonar pípulagningameistara kemur fram að hann skilji aldrei vatnsrör eftir opin ef hann þarf að bregða sér frá verkstað.

Álit.

Aðila greinir á um málsatvik varðandi það hve lengi starfsmaður S hafði unnið við ofninn þangað til hann fór af verkstað og hversu lengi hann var frá verkinu. Það skiptir þó ekki máli miðað við það sem fyrir liggur í málinu. Aðilar eru sammála um að vatn hafi verið tekið af ofninum, sem starfsmaður S tók frá og var að vinna við. Meðan starfsmaður S var við þessa vinnu lak ekki vatn úr rörununum. Því er ekki mótmælt að skrúfað hafi verið fyrir inntak að ofninum meðan á þessari vinnu stóð og meðan starfsmaður S brá sér frá. Þrátt fyrir þetta þá fór að leka frá rörum ofnsins meðan pípulagningamaðurinn var frá. Starfsmaður S telur að það hafi verið vegna óvenjulegrar og rangrar tengingar á rörum, þeirri staðhæfingu hans hefur ekki verið hnekkt. Miðað við fyrirliggjandi gögn er því ekki nægjanlega sannað að vatnsleki í íbúð M í umrætt sinn hafi orðið vegna saknæmrar háttsemi starfsmanns S við vinnu sína. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu S hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu S hjá V.

Reykjavík 10.11.2015.

Valgeir Pálsson hrl.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Jón Magnússon hrl.